

Alþingi
Erindi nr. P 127/873
komudagur 25. 2. 2002

Akraneskaupstaður

JPP/rp
Skj. 000.2/AK8874



Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 REYKJAVÍK.

Á fundi bæjarráðs Akraness, sem haldinn var þann 21. febrúar 2002, var m.a. fjallað um bréf efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, dags. 19.2.2002, þar sem sent er til umsagnar frumvarp til laga um verslun með áfengi og tóbak, 135. mál, smásöluverslun með áfengi.

Bæjarráð Akraness er ósammála efni frumvarpsins.

Það tilkynnist hér með.

Akranesi, 21. febrúar 2002.

Virðingarfyllst,

Jón Palmi Pálsson, bæjarritari

Alþingi
Sigrún Brynja Einarsdóttir
Þórshamri v/Templarasund
150 REYKJAVÍK



Akureyrarbær
Bæjarstjóri

Alþingi
Erindi nr. P 127/1402
komudagur 21.3.2002

Akureyri, 20. mars 2002

Efni: Frumvarp til laga um verslun með áfengi og tóbak - 135. mál

Við afgreiðslu á 1. lið í fundargerð áfengis- og vímuvarnanefndar dags. 12. mars s. l. gerði bæjarstjórn eftirfarandi bókun:

"Við afgreiðslu á 1. lið kom fram eftirfarandi tillaga frá bæjarfulltrúa Ástu Sigurðardóttur: "Bæjarstjórn Akureyrar leggst gegn frumvarpi um breytingar á lögum um verslun með áfengi og tóbak no. 63/1969. Bæjarstjórn lítur svo á það aukna aðgengi að áfengi sem breytingin hefði í för með sér muni auka áfengisneyslu og þá líklega mest meðal unglinga.

Allt lögboðið eftirlit yrði erfiðara viðfangs.

Breytingin væri líka í algjörrri andstöðu við heibrigiðisáætlun ríkisstjórnarinnar og samþykktu stefnu hennar í fíkniefna-, áfengis- tóbaksvörnum frá 1996"

Tillagan var borin undir atkvæði og samþykkt með 7 samhljóða atkvæðum."

1. liður í fundargerð áfengis- og vímuvarnanefnar dags. 12. mars 2002:

"Frumvarp til laga um verslun með áfengi og tóbak - 135. mál

2002020073 / 01-106

Erindi dags. 19. febrúar 2002 frá efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um verslun með áfengi og tóbak, 135. mál.

Meirihluti nefndarinnar gerir ekki athugasemd við að umrætt frumvarp verði að lögum svo fremi að reglum um sölu verði stranglega framfylgt.


Þorgerður Þorgilsdóttir óskar eftirfarandi bókunar. "Ég leggst gegn frumvarpinu og verði það samþykkt mun það auka áfengisneyslu í landinu og er hún nóg fyrir."

Þetta tilkynnist hér með.

f. h. bæjarstjóra,

Sólveig Gunnarsdóttir
Sólveig Gunnarsdóttir





EFNAHAGS- OG VIÐSK.NEFND ALÞINGIS
ALÞINGI,
150 - REYKJAVÍK


UMSÖGN UM MÁL 135


Með vísan til bréfs Sigrúnar Brynju Einarsdóttur f.h. efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, dags. 19. feb. 2002 tilkynnist hér með að bæjarstjórn Austur-Héraðs mun ekki gefa umsögn um

.....mál 135, frv. til laga um verzlun með áfengi og tóbak.

Ofanritað tilkynnist hér með.

Egilsstöðum 22. marz 2002;

Bæjarstjóri Austur-Héraðs
Lyngási 12 • Egilsstaðir
Sími 510169-6116 vaxi 471-1166

Bj. Hafþór Guðmundsson



Alþingi
Erindi nr. P 127/931
komudagur 27.2.2002

Alþingi
Nefndasvið Alþingis
Þórshamri v/ Templarasund
150 Reykjavík

Dagsetning

Tilvisun

26. febrúar 2002

HJ/01.1

Tilv. 2002020115

Efni: Umsögn um 135. mál - smásöluverslun með áfengi

Háttvirt efnahags- og viðskiptanefnd

Framsál ÁTVR á einkaleyfi til smásölu áfengis er að mati undirritaðs jafngildi þess að afnema einkaleyfið. Verslun ÁTVR verður tæplega rekin við hlið verslunar í einkarekstri. Benda má lögbundið er, að ÁTVR selji vöru sína á jafnaðarverði um land allt. Flestar einkareknar verslanir utan höfuðborgarsvæðisins yrðu því að búa við samkeppni við ríkisverslun, sem greiddi niður flutningsgjöld og ýmsan sameiginlegan kostnað í rekstri ÁTVR. Miðað við þau viðhorf, sem ríkjandi eru í málum, er snerta samkeppni fyrirtækja, yrði slík mismunum í rekstrarskilyrðum vart þöluð. Á höfuðborgarsvæðinu myndi hins vegar halla á ÁTVR.

Ekki er ljóst hvað felst í banni við aðgangi væntanlegra leyfishafa að innkaupakerfi ÁTVR. Sé hér átt við, að ÁTVR megi ekki selja leyfishöfum vöru, þarf að líta til tveggja atriða:

1. Af hverjum eiga leyfishafar að kaupa tóbak ?
2. Hvernig eiga starfsmenn vinnubúða að þekkja leyfishafa er óskar viðskipta í verslunum ÁTVR ?

Virðingarfyllt,
Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins


Höskuldur Jónsson

SKRIFSTOFUR
STUDLAHÁLSI 2 110 REYKJAVÍK
SÍMI 560 7700 FAX 560 7757
www.atvr.is • atvr@atvr.is



Alþingi
Erindi nr. Þ 127/1166
komudagur 12.3.2002

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
Nefndasvið Alþingis
Þórshamri v/Templarasund
150 Reykjavík

Reykjavík, 11. mars 2002

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um verslun með áfengi og tóbak, smásöluverslun með áfengi, þskj. 135 - 135. mál.

Áfengis- og vímuvarnaráð ræddi ofangreint frumvarp á fundi 26. febrúar sl. Frumvarpið lýtur að því að Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins framselji einkaleyfi sitt til smásölu áfengis samkvæmt áfengislögum til verslana sem uppfylla ákveðin skilyrði.

Áfengis- og vímuvarnaráð leggur áherslu á að áfengi verði áfram selt í sérverslunum. Ráðið mótmælir því harðlega að opnað verði fyrir þann möguleika að selja áfengi í matvöruverslunum eins og gert er ráð fyrir í seinni hluta frumvarpsins. Sala áfengis í matvöruverslunum myndi, vegna aukins aðgengis, ótvírætt auka áfengisneyslu í landinu, ekki síst meðal unglunga undir lögaldri. Sömuleiðis er hætt við að eftirlit með áfengissölu til unglunga undir löglegum áfengiskaupaaldri yrði erfiðara en nú er.

Afstaða Áfengis- og vímuvarnaráðs tekur fyrst og fremst mið af stefnu ríkisstjórnarinnar í fíkniefna-, áfengis- og tóbaksvörnum, sem samþykkt var 3. desember 1996. Þar er m.a. lögð áhersla á að hefta aðgengi barna og ungmenna að fíkniefnum, áfengi og tóbaki. Í lögum um Áfengis- og vímuvarnaráð nr. 76/1998 er skýrt tekið fram að hlutverk ráðsins sé að draga úr áfengisneyslu í þjóðfélaginu, sérstaklega meðal barna og unglunga.

Afstaða ráðsins samræmist áfengisvarnaáætlun Evrópudeildar Alþjóðaheilbrigðismála- stofnunarinnar 2000 – 2005. Þar er eitt af markmiðunum að draga úr áfengisneyslu barna og unglunga m.a. með því að takmarka fjölda útsölastaða fyrir áfengi í aðildarlöndunum. Ein af fimm meginreglum sem þar eru settar fram er þessi: „Öll börn og unglingar eiga rétt á að alast upp í umhverfi sem er verndað fyrir afleiðingum áfengisneyslu og, eftir því sem unnt er, kynningu á áfengum drykkjum“. Í yfirlýsingu sem samþykkt var af aðildarlöndum sömu stofnunar á ráðstefnunni „Young People and Alcohol“, sem haldin var í Stokkhólmi í febrúar 2001, er hnykkt á sömu meginreglum. Markmið yfirlýsingarinnar er „að verja börn og ungt fólk fyrir þrýstingi um að hefja neyslu áfengis og draga þannig úr þeim skaða sem áfengi veldur þeim, beint og óbeint.“ Á Íslandi búa börn og unglingar hins vegar við mikinn þrýsting um að hefja neyslu áfengis, bæði frá markaðsöflum og frá umhverfmu.

Niðurstöður úr umfangsmikilli rannsókn á áfengis- og vímuefnaneyslu á Íslandi sem Gallup gerði fyrir Áfengis- og vímuvarnaráð í nóvember 2002 (sjá meðfylgjandi myndir 1, 2 og 3) eru einnig áhugaverðar í þessu sambandi. Rannsóknin var lögð fyrir 4000 manna tilviljunarúrtak úr þjóðskrá 18 - 75 ára. Helmingur úrtaksins fékk spurningalista sendan í pósti en hinn helmingurinn var spurður í síma. Svarhlutfall úr póstkönnun var 56,3% og úr símakönnun 71%. Ekki reyndist marktækur munur á svörum þeirra sem svöruðu póstkönnun eða símakönnun. Samkvæmt þessari rannsókn er aðeins helmingur þjóðarinnar hlynntur sölu bjórs og víns í matvörubúðum og mikill meirihluti andvígur sölu sterks áfengis í matvörubúðum. Það á bæði við um að leyfa sölu á léttu og sterku áfengi í matvörubúðum að karlmenn eru fremur hlynntir því en konur, yngra fólk er fremur hlynnt því en þeir sem eldri eru og íbúar höfuðborgarsvæðisins fremur en þeir sem búsettir eru annars staðar.

Í greinargerðinni með frumvarpinu segir m.a.: „Sérstaklega má þó reikna með að breyting verði til batnaðar fyrir kaupendur vörunnar í hinum fámennari byggðum á landsbyggðinni sem hingað til hafa mátt þola grófa mismunun af hálfu ÁTVR.“ Ofangreindar niðurstöður gefa hins vegar til kynna að það sé ekki fólkið á landsbyggðinni sem sækist eftir áfengissölu í matvörubúðum. Áfengisverslanir ÁTVR eru nú 39 sem samsvarar því að meira en 18 verslanir séu fyrir hverja 100 þúsund íbúa 18 ára og eldri dreifðar um allt land. Til samanburðar má nefna að samkvæmt upplýsingum frá Centralförbundet för alkohol- och narkotikaupplysning (CAN) eru 6 verslanir á hverja 100 þúsund íbúa 18 ára og eldri í Svíþjóð.

Loks skal athygli vakin á því að í greinargerð með frumvarpinu er eftirfarandi tilgáta sett fram: „Sjálfsagt mun neysla áfengis eitthvað aukast, en aukningin mun væntanlega koma fram hjá þeim sem neyta áfengis í hófi. Önnur tilgáta, kennd við Ledermann, spáir fyrir um samband milli tíðni mikillar áfengisneyslu og stig heildarneyslu í ákveðnu þýði og hefur verið margreynd vísindalega í mörgum löndum. Samkvæmt Ledermann eykst hlutfall ofneytenda áfengis í réttu hlutfalli við meðalneyslu einstaklinga innan þýðisins. Sömuleiðis sýna niðurstöðurnar jákvætt línulegt samband milli árlegrar meðalneyslu áfengis einstaklinga innan þýðis og árlegrar heildarneyslu þýðisins í heild. Þ.e.a.s. því meiri sem heildarneyslan er því meiri er neyslan á hvern mann og sú aukning kemur einnig fram hjá þeim sem drekka mest (Edwards, o.fl. 1995).

Heimildir:



Edwards, G. o.fl. (1995). *Alcohol policy and the Public Good*. Oxford, New York, Tokyo: WHO Europe, Oxford Medical Publications.

Áfengis- og vímuvarnaráð,


Þorgerður Ragnarsdóttir, framkvæmdastjóri



Mynd 1. Viðhorf til sölu léttvíns og bjórs í matvöruverslunum

(Könnun Gallup gerð fyrir Áfengis- og vímuvarnaráð í nóvember 2001)




Mynd 2. Viðhorf til sölu sterks víns í matvöruverslunum

(Könnun Gallup gerð fyrir Áfengis- og vímuvarnaráð í nóvember 2001)



Mynd 3. Ert þú hlynnt(ur) eða andvíg(ur) því að leyfa sölu á léttvíni og bjór í matvörubúðum á Íslandi?
(marktækur munur á meðaltölum þar sem 1 = mjög andvígur og 5 = mjög hlynntur)

(Könnun Gallup gerð fyrir Áfengis- og vímuvarnaráð í nóvember 2001)



BANDALAG STARFSMANNA RÍKIS OG BÆJA

Alþingi

Erindi nr. P 127/1239

komudagur 14. 3. 2002




Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Reykjavík, 13. mars 2002

BSRB hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um verslun með áfengi og tóbak, 135. mál, smásöluverslun með áfengi.

BSRB er andvígt frumvarpinu og telur að það gangi þvert á forvarnarstefnu sem sala á áfengi hefur hvílt á. Hætt er við því að með markaðsvæðingu myndi áfengisneysla í landinu aukast til muna. Auk þess bendir margt til þess að breyting samkvæmt frumvarpinu myndi ekki þjóna hagsmunum neytenda hvorki varðandi verðlag eða úrval.

f.h. BSRB


Svanhildur Halldórsdóttir



BORGARBYGGÐ

Skrifstofa - Borgarbraut 11
310 Borgarnes - Kt.: 510694-2289
Sími: 437 1224 - Fax: 437 1024

Alþingi
Erindi nr. P 127/1548
komudagur 2.4.2002

Borgarnesi 22. mars 2002.

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík


Á fundi bæjarráðs Borgarbyggðar í gær var lögð fram svohljóðandi umsögn félagsmálanefndar Borgarbyggðar á frumvarpi til laga um verslun með áfengi og tóbak:

“Félagsmálanefnd kynnti sér frumvarpið og leggst alfarið gegn hvers kyns rýmkun á heimildum til áfengisútsölu.”

Bæjarráð tekur undir umsögn félagsmálanefndar.

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,


Eiríkur Ólafsson
bæjarritari

Alþingi
Erindi nr. P 127/1164
komudagur 12.3.2002



Alþingi
Efnahags- og viðskiptanefnd
150 Reykjavík.

Vísað er til bréfs efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, dags. 22. febrúar 2002, þar sem óskað er eftir að Fjölskylduráð gefi álit sitt á frumvarpi til laga um verslun með áfengi og tóbak, 135. mál, smásöluverslun með áfengi.

Það liggur fyrir samkvæmt reynslu Íslendinga og annarra þjóða að breytt og aukið aðgengi að áfengi veldur aukinni neyslu. Fjölskylduráði þykir óásættanlegt að gerðar séu lagabreytingar sem valda aukinni neyslu áfengis og vísar til opinberra markmiða um forvarnir vegna áfengis- og vímuefnaneyslu barna og ungs fólks undir lögdaldi.

Fjölskylduráð bendir einnig á þá reynslu sem fengist hefur hér á landi af því fyrirkomulagi sem haft er á sölu tóbaks. Kannanir hafa sýnt að verulegir misbrestir eru á að allir verslunareigendur kunni að fara með það vald og traust sem þeim er sýnt og virði þau aldurstakmörk sem sett hafa verið, þrátt fyrir mikið og dýrt eftirlit. Óvarlegt er að ætla að annar háttur yrði á með sölu áfengis.

Af ofangreindum ástæðum þykir Fjölskylduráði ekki ásættanlegt að breyta núverandi fyrirkomulagi á verslun með áfengi.

Reykjavík 12. mars 2002

Valgerður Magnúsdóttir
Fjölskylduráð

Borgartúni 21, 105 Reykjavík
sími 530 2609, netfang fjolskyldurad@bvs.is

Alþingi
Erindi nr. P 127/1918
komudagur 18.4.2002



Hafnarfirði 11. apríl 2002

Bæjarráð Hafnarfjarðar
b.t Bæjarstjóra Magnúsar Gunnarssonar.

Umsögn.

Á fundi Æskulýðs- og tómstundaráðs hafnarfjarðar þann 5. apríl s.l. var eftifarndi samþykkt gerð:

Umsögn um frumvarp um sölu áfengis í matvöruverslunum.

Lagt fram bréf frá Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis varðandi umsögn um frumvarp til laga um heilmild til sölu áfengis í matvöruverslunum.
“ Æskulýð- og tómstundaráð Hafnarfjarðar leggst alfarið og einróma gegn frumvarpinu og vísar í þeim efnum til reynslunnar frá umliðnum árum í könnunum ráðsins varðandi sölu á tóbaki til barna og unglunga undir aldri.”

Virðingarfyllst,
Árni Guðmundsson
Æskulýðs- og tómstundafulltrúi (sign)



HÚSAVÍKURKAUPSTAÐUR

KETILSBRAUT 7-9 640 HÚSAVÍK sími 464-6100 kt.-640169-5599

Alþingi
Erindi nr. P 127/974

komudagur 4. 3. 2002

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Húsavík 1. mars 2002
Tilvísun: 02020020

Efni: Umsögn bæjarráðs Húsavíkur um frumvarp til laga um verslun með áfengi og tóbak, 135. mál, smásöluverslun með áfengi.

Bæjarráð fjallaði um málið á fundi sínum 28. febrúar s.l. og samþykkti að taka ekki afstöðu til þess.

Virðingarfyllt

Ceðmúndur Nielson

Alþingi
Erindi nr. P 527/1046
komudagur 7.3.2002



HVERAGERÐISBÆR

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Hveragerði, 06. mar. 2002

Efni: Bréf yðar frá 19. febrúar 2002.

Á fundi bæjarráðs Hveragerðisbæjar sem haldinn var hinn 28. febrúar sl. var tekið til umfjöllunar ofangreint erindi þitt.

Eftirfarandi var fært til bókar;


“1.10. Alþingi frá 19. febrúar 2002.

Með bréfinu fylgdi til umsagnar frumvarp til laga um verslun með áfengi og tóbak. Bæjarráð Hveragerðis telur rétt að haldið verði óbreyttu fyrirkomulagi með sölu áfengis, það er að eingöngu verði sala í sérverslunum og bæjarstjóra falið að svara erindinu í samræmi við þessa niðurstöðu”

Þetta tilkynnist yður hér með.

Með vinsemd og virðingu

f.h. Hveragerðisbæjar


Helga Kristjánsdóttir
skrifstofustjóri, Hveragerðisbæjar



Alþingi
Erindi nr. P 127/1581
komudagur 3.4.2002

ÍSAFJARÐARBÆR

Nefndarsvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
150 Reykjavík

Ísafirði, 27. mars 2002
Tilvísun: 2002020054 / 0104
HH/PP--

Efni: Frumvarp til laga um verslun með áfengi og tóbak, 135. mál.

Með tilvísun til bréfs yðar frá 19. febrúar s.l., varðandi umsögn sveitarfélags á frumvarpi til laga um verslun með áfengi og tóbak, 135. mál, smásöluverslun með áfengi, leitaði Ísafjarðarbær umsagnar félagsmálanefndar Ísafjarðarbæjar og Vá Vest hópsins, sem stendur fyrir vímuevörnum á norðanverðum Vestfjörðum. Afstaða ofangreindra aðila til frumvarpsins var í megin atriðum þessi.

Félagsmálanefnd Ísafjarðarbæjar og Vá Vest hópurinn eru alfarið mótfallinn því að lagafrumvarp þetta verði samþykkt og telja að það hafi ekki aðeins í för með sér aukið aðgengi fullorðinna að áfengi, heldur það sem alvarlegra er, að aðgengi unglinga að áfengi aukist. Umsagnaraðilar telja að með þessu móti sé verið að fórna meiri hagsmunum fyrri minni. Áhættan sé of mikil sérstaklega í ljósi þess að ekkert virðist vera reynt, í frumvarpinu, að lámarka þau neikvæðu áhrif sem augljóslega fylgja þessum breytingum. Ekki er ástæða til að ætla að kaupmönnum takist betur að hafa eftirlit með sölu áfengis frekar en þeim gengur í dag að hafa eftirlit með sölu á tóbaki.

Virðingarfyllst

Halldór Halldórsson
- bærarstjóri -



LANDSSAMBAND LÖGREGLUMANNA

Alþingi
Erindi nr. P 127/1282
komudagur 15.3.2002

Reykjavík 15. mars 2002.

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Varðar: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um verslun með áfengi og tóbak, nr. 63/1969, með síðari breytingum, 135. mál.

Framkvæmdastjórn Landssambands lögreglumanna hefur fjallað um frumvarpið og leggst gegn þeim breytingum sem þar eru lagðar til.

Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins hefur hin síðari ár þróað starfsemi sína til nútímalegra verslunarháttanna með fjölgun verslana, sjálfsafgreiðslu og góðu vöruvali. Starfsfólk ÁTVR býr að góðri þekkingu þeirrar vöru sem er á boðstólnum en slíkt er mikilvægt við val á léttum vínnum. Víða á Norðurlöndum er verslun með áfengi með álíka hætti þó fullyrða megi að ÁTVR stendur þeim framar hvað varðar þjónustu og nútímalega viðskiptahætti.

Við tökum þó fyrst og síðast þá ábyrgu afstöðu að með því að fela ÁTVR áfram umsjá áfengisverslunar sé tekin ábyrg afstaða til forvarna í því skyni að takmarka aðgengi ungmenna að áfengum drykkjum. Ungmenni reyna síður að nálgast áfengi í sérverslun en ef þessi vara fengist í almennum verslunum og þar sem hún yrði ein margra vörutegunda í daglegum innkaupakörfum. Er hætt við að með tímanum drægi úr virku eftirliti varðandi aldur þeirra sem nálgast þessa vöru.

Virðingarfyllt,

Jónas Magnússon
formaður



LÖGREGLUSTJÓRINN Í REYKJAVÍK

Hverfisgötu 115 – Sími 569 9000 – Telefax 569 9099

Alþingi
Erindi nr. P 127/1283
komudagur 15.3.2002

ES/vós

Reykjavík, 15. mars 2002

Með bréfi efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, dagsettu. 25. f.m., barst þessu embætti til umsagnar frumvarp laga um breytingu á lögum um verslun með áfengi og tóbak, 135. mál, smásöluverslun með áfengi.

Embættið mælir gegn því að frumvarpið verði að lögum. Um röksemdir fyrir þeirri afstöðu vísast til meðfylgjandi greinargerðar aðstoðaryfirlöggluþjóns við forvarna- og fræðsludeild embættisins. Jafnframt er minnt á umsögn embættisins, dags. 24. mars 2000, til nefndarinnar vegna tillögu til þingsályktunar um endurskoðun reglna um sölu áfengis.


saksóknari

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

**Frumvarp til laga um breytingu á lögum um verslun með áfengi og tóbak,
nr. 63/1969.**

Við lögina bætist ný grein sem gerir ráð fyrir að opnað verði fyrir smásöluverslun með áfenga drykki á vegum fleiri aðila en Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins.

Athugasemdir Forvarna- og fræðsludeildar lögreglunnar í Reykjavík:

Með auknu aðgengi almennings að áfengi eins og þetta frumvarp gerir ráð fyrir er jafnframt hætt á því að ungt fólk eigi mun auðveldara með að ná í áfengi.


Samkvæmt 18. gr. nú gildandi áfengislaga er óheimilt að selja áfengi þeim sem er yngri en 20 ára. Verslanir ÁTVR á svæði lögreglunnar í Reykjavík hafa sett sér skýr markmið um að fylgja þessum lögum eftir og virðist ekki mikið um að fólk undir 20 ára aldri fái afgreiðslu í verslunum ÁTVR. Samkvæmt gögnum lögreglu heyrir það til undantekninga að fólk yngri en 20 ára sé tekið við þjófnað á áfengi í verslunum ÁTVR. Teljum við að þetta sé vegna þess að eftirlit starfsmanna er strangt í þessum verslunum og fjöldi þeirra meiri en í mörgum öðrum verslunum s.s. matvöruverslunum. Hinsvegar er eftirlit starfsmanna mjög mismunandi í almennum verslunum og þjófnaðir barna talsvert algengir þar.

Með þessum breytingum á lögnum teljum við að erfiðara verði að koma í veg fyrir sölu áfengis til fólks undir 20 ára aldri þar sem hættu er á því að starfólk almennara verslanna sé ekki eins meðvitað um það að selja ekki áfengi til fólks undir aldri. Oft er mjög fátt og ungt starfsfólk í matvöruverslunum á kvöldin. Það hefur minni möguleika á að fylgjast með viðskiptavinum og á erfiðara með að beita sér og krefjast skilríkja af jafnöldrum sínum. Börn hafa aðgang að matvöruverslunum og fátt og ungt starfsfólk eykur verulega hættu á þjófnaðum barna á áfengi þar.

Loks má geta þess að ungt fólk reynir oft að fá þá eldri til að kaupa áfengi fyrir sig og hefur lögreglan reynt að hafa eftirlit með þessu. Með fjölgun útsölastaða áfengis yrði slíkt eftirlit lítt framkvæmanlegt og miklu meiri möguleikar fyrir ungmenni til að láta kaupa fyrir sig áfengi.

Lögreglan og aðrir sem vinna að málefnum barna hafa reynt markvíst að sporna við áfengisdrykkju ungs fólks. Starfsmenn forvarnadeildar lögreglunnar í Reykjavík telja að umrædd lagabreyting torveldi verulega þetta starf og eru því alfarið á móti þessari breytingu á lögnum.

F.h. forvarna- og fræðsludeildar lögreglunnar í Reykjavík.


Guðmundur Gígja
aðstoðaryfirlögr.þj.



LÖGREGLUSTJÓRINN Í REYKJAVÍK

Hverfisgötu 115 – Sími 569 9000 – Telefax 569 9099

AFRIT

AJ/ami

Reykjavík, 24. mars 2000.

Með bréfi efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, dagsettu. 7. þ.m., barst þessu embætti til umsagnar tillaga til þingsályktunar um endurskoðun reglna um sölu áfengis, 149. mál. Í bréfinu var óskað eftir því að umsögn bærist eigi síðar en 24. þ.m.

Embættið telur ekki ástæðu til að setja fram efnislegar athugasemdir við því að sett sé á laggimar nefnd til að endurskoða reglur um sölu áfengis. Embættið telur þó rétt að setja fram athugasemdir að því er varðar endurskoðun á þeim lögum og reglum sem gilda um sölu áfengis.

Að mati embættisins er mikilvægt að kanna hver sé reynsla erlendra ríkja við sambærilegar breytingar á reglum um sölu áfengis. Leiðir aukið aðgengi til aukinnar áfengisneyslu eða breytts drykkjumynsturs meðal borgaranna? Vert er að vekja athygli á því að umtalsverðar breytingar hafa nú þegar átt sér stað í Reykjavík í þá veru að auðvelda aðgengi að áfengi. Veitingastöðum hefur fjölgað, heimildir til neyslu áfengis fyrir utan veitingastaði hafa verið veittar auk þess sem opnunartími veitinga- og skemmtistaða er rýmri. Þessar breytingar hafa ekki verið metnar til fulls og e. t. v. mætti skoða áhrif þessara breytinga áður en lengra yrði haldið í átt til aukins aðgengis almennings að áfengi.

Embættið telur mikilvægt, ef til þess kemur að reglur um sölu áfengis verði rýmkaðar, að huga sérstaklega að því hverjir fengju heimild til sölu áfengis. Væri um að ræða sérstakar áfengisverslanir eða fengju matvöruverslanir, bensínstöðvar og söluturnar heimild til sölu áfengis? Hér yrði einnig að huga að opnunartíma þeirra staða sem fengju leyfi. Skilyrðin fyrir söluleyfi yrðu að vera skýr.

Eftirlit með sölu áfengis er tiltölulega auðvelt fyrir lögreglu miðað við núgildandi fyrirkomulag. Taka þyrfti afstöðu til þess hvemig eftirliti yrði háttað ef fjölgun yrði á stöðum sem heimilt væri að selja áfengi. Þess má geta að afgreiðslufólk í verslunum er oft undir tvítugsaldri. Hugsanlega væri nauðsynlegt að setja reglur um aldur þeirra sem afgreiða mættu áfengi í þessum verslunum. Ef til breytinga kemur á núgildandi fyrirkomulagi í þessa veru er nauðsynlegt hafa í huga þau auknu verkefni sem þessu fylgir fyrir lögregluna og að tryggja verður að hún geti sinnt þeim.

Með vísan til framangreinds telur embættið að fara verði varlega í breytingar á reglum um sölu áfengis. Skýrar reglur eru nauðsynlegar til að fyrirbyggja sem kostur er aukna áfengisneyslu, einkum meðal ungmenna, og til að lögregla geti sinnt eftirlitsstarfi sínu.


saksóknari

Nefndasvið Alþingis
Þórshamri v/Templarasund
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. **D** 127/975
komudagur 4.3.2002



Nefndarsvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

MOSFELLSBÆR

555-13
02/044
50.11

Mosfellsbær 1. mars 2002

Bæjarráð Mosfellsbæjar tók fyrir á fundi sínum þann 28. febrúar 2002,
frumvarp til laga um verslun með áfengi og tóbak.

Frumvarpið var lagt fram á fundinum án umræðu né athugasemda.

Þetta tilkynnist yður hér með.

Virðingarfyllst.,


Stefán Ómar Jónsson, bæjarritari



BÆJARRITARI
MOSFELLSBÆJAR

ÞVERHOLT 2

270 MOSFELLSBÆR

KT. 470269-5969

SÍMI 525 6700

FAX 525 6729

WWW.MOS.IS

Alþingi
Erindi nr. Þ 127/892
komudagur 5.3.2002

CONSUMERS ASSOCIATION OF ICELAND
ASSOCIATE MEMBER OF IC, BEUC and ICRT

NS
NEYTENDASAMTÖKIN

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
Alþingi
v/Austurvöll
150 Reykjavík.

SÍÐUMÚLA 13,
108 REYKJAVÍK,
SÍMI 545 1200,
TELEFAX 545 1212,
ns@ns.is
PÓSTHÓLF 8160,
128 REYKJAVÍK.

Netfang: nefnadasvid@althingi.is

Reykjavík 1. mars 2002

Efni: Umsögn Neytendasamtakanna um 135. mál, breytingar á áfengislögum (smásöluversLn með áfengi).

Frumvarp þetta fékk sömu afgreiðslu og önnur lagafrumvörp sem berast Neytendasamtökunum til umsagnar, þau eru send stjórnarmönnum til skoðunar og athugasemda. Ef engin efnisleg athugasemd berst frá stjórnarmönnum afgreiðir skrifstofa Neytendasamtakanna málið í samráði við laganefnd Neytendasamtakanna og formann samtakanna. Vegna mistaka fórst hins vegar fyrir athugasemd frá einum stjórnarmanni um þetta mál, en sú athugasemd hefði átt að leiða til að málinu væri vísað til stjórnar Neytendasamtakanna til ákvörðunar. Þannig hefur umsögn um þetta frumvarp ekki það gildi að vera umsögn Neytendasamtakanna. Þess vegna vill undirritaður draga hér með til baka þá umsögn sem Neytendasamtökin sendu um þetta frumvarp.

Virðingarfyllst

Jóhanna Gunnarsson
Snjólaug Hjartardóttir
Jóhanna Gunnarsson,
formaður Neytendasamtakanna



RAUFARHAFNARHREPPUR

Aðalbraut 2 · 675 Raufarhöfn · Sími 465 1151 · Fax 465 1121


Alþingi
Erindi nr. Þ 127/2117
komudagur 10.5.2002

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Raufarhöfn 07.05.2002.

Sveitarstjórn Raufarhafnarhrepps tók fyrir á fundi sínum 23. apríl s.l frumvarp til laga um verslun með áfengi og tóbak, 135. mál, smásöluverslun með áfengi. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við umrætt frumvarp. Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst.



Reynir Þorsteinsson - sveitarstjóri



Alþingi
Erindi nr. P 127/1270
komudagur 15.3.2002

RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

13. mars 2002
Tilvísun: 2002020227
091.1

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Umsögn um frumvarp til laga um verslun með áfengi og tóbak, 135. mál.

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Ríkislögreglustjóra um frumvarp til laga um verslun með áfengi og tóbak, 135. mál, smásöluverslun með áfengi.

Ríkislögreglustjóri hefur engar athugasemdir fram að færa við efni frumvarpsins en bendir á að betur kunni að fara á að nota hugtakið einkaréttur í stað einkaleyfis.

Virðingarfyllst,

Kristín Edwald

Kristín Edwald
löglærður fulltrúi.

SAMTÖK VERSLUNARINNAR

FEDERATION OF ICELANDIC TRADE



SAMTÖK MILLIRÍKJA-
VERSLUNAR, HEILD-
SÖLU- OG SMÁSÖLU-
DREIFINGAR

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 127/2002
komudagur 15.3.2002

Reykjavík, 14.03.2002
Tilv. 18.103
GÁS/gás

Vísað er til erindis hæstvirkar efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, dags. 19. febrúar sl., þar sem óskað er umsagnar Samtaka verslunarinnar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um verslun með áfengi og tóbak, nr. 63/1969, með síðari breytingum, 135. mál.

Samtök verslunarinnar hafa frá stofnun, árið 1928, ávallt barist fyrir frjálsri verslun og gegn einokun. Ríkiseinkasala er úrelt og það á að stefna að því að leggja hana niður. Hins vegar gilda um sölu áfengis hér á landi sérstakar reglur auk ofurálagningar ríkisins í formi áfengisgjalds. Verður því að fara varlega í breytingar og þarf að gera þær í nánu samráði við hagsmunaaðila og stjórnvöld. Nauðsynlegt er að málið verði skoðað vandlega áður en breytingar á fyrirkomulagi áfengissölu koma til framkvæmda.

Að öðru leyti vilja samtökin koma eftirfarandi á framfæri:

1. Markaðsaðstæður

Mikilvægt er að löggjafinn líti til þeirra markaðsaðstæðna sem ríkja á dagvörumarkaði, en leiða má líkum að því að frumvarpið geri einkum ráð fyrir því að áfengi verði selt í matvöruverslunum. Í ljósi þeirrar fákeppni sem ríkir í dagvöruverslun hér á landi er hætta á því að samkeppnisumhverfi muni raskast á kostnað neytenda og birgja. Færa má fyrir því gild rök að innleiðing áfengis í dagvöruverslunum muni styrkja núverandi fákeppnisaðila og drottnunarstöðu þeirra á markaði. Hætta er því á að markaðsráðandi aðilar fái enn betra tækifæri til að misbeita stöðu sinni.

Það takmarkaða markaðsstarf sem birgjum er heimilt að viðhafa, vegna lagaákvæða um kynningu áfengis, mun raskast verulega. Með því að gefa áfengissölu frjálsa er því nauðsynlegt að gerðar verði breytingar á lögum í þá átt að auðvelda kynningar á þessari vörutegund. Í dag eru ákveðnar gagnsæjar reglur sem gilda um samskipti ÁTVR og birgja þannig að alveg er ljóst hvornig viðskiptum verður háttáð. Í ljósi þess ástands sem ríkir á matvörumarkaði er veruleg hætta á að í stað skýrra reglna muni reglur frumskógarlögmálsins gilda á þessu sviði eins og öðrum þar sem markaðsráðandi aðilar ráða ríkjum.

2. Verðlagning

Verð á áfengi á Íslandi er mjög hátt. Því veldur aðallega mjög hátt áfengisgjald. Verði

áfengissala gefin frjáls er alveg öruggt að verð mun hækka verulega. Í ljósi þeirrar smásöluálagningar sem er á áfengi í dag og þeirrar staðreyndar að ÁTVR hagnast óverulega á áfengissölu má gera ráð fyrir verulegri hækkun álagningar. Því verður samhliða því að áfengissala verður gefin frjáls að gera ráðstafanir til að lækka áfengisgjaldið. Færa má fyrir því rök að ríkið sé í raun að greiða niður dreifingu á áfengi. Einkaaðilar geta ekki keppt við ÁTVR á sömu forsendum. ÁTVR þarf því að leggja niður til að eðlileg samkeppni geti þrífist á þessu sviði.

3. Aðdragandi breytinga

Vegna þeirrar hefðar sem verið hefur í áfengissölu hér á landi í svo langan tíma sem raun ber vitni verður að undirbúa breytingar á einkasölu mjög vel. Þeir aðilar sem að málinu koma þurfa aðlögunartíma og breytingar verða að gerast í samráði allra þeirra sem hagnuna ciga að gæta.


4. Ákvæði um hillurými

Ákvæði frumvarpsins að heimilt verði að nota 5% hillurýmis verslunar undir áfengi er mjög óljóst og teygjanlegt. Nauðsynlegt er að skilgreina hillurými nánar þannig að engin vafi leiki á um hvaða rými megi nota. Það er t.d. ekki ljóst hvort hillurými taki eingöngu til verslunarinnar sjálfrar eða einnig lagerrýmis og má benda á að í sumum stórmörkuðum er mjög blandað vöruúrval, þar sem seldar eru matvörur, fatnaður, gjafavara o.s.frv. og er í þeim ekki ljóst hvernig reikna skuli 5% regluna. Þá vaknar sú spurning hvaða ástæða liggja að baki þessum 5%.

Samtökin eru sammála því markmiði sem kemur fram í frumvarpinu að gefa sölu áfengis frjálsa. Hins vegar koma allt of mörg álitamál fram við umfjöllun um það. Samtökin leggja því til að skipuð verði nefnd sem í eigi sæti fulltrúar hagsmunaaðila, ásamt alþingismönnum og stjórnvöldum sem hafi það hlutverk að undirbúa breytingar í frjálsræðisátt við sölu á áfengi. Auk þess benda samtökin á að Samkeppnisstofnun vinnur að skýrslu um markaðsástand og fákeppni á dagvörumarkaði í framhaldi af skýrslu stofnunarinnar sem út kom í maí á síðasta ári, en sú skýrsla sýndi fram á að hvorki neytendur né birgjar hafa notið þeirrar hagræðingar sem smásöluverslunarkedjur á dagvörumarkaði kunna að hafa náð fram. Því er mjög mikilvægt að breytingarnar verði þess ekki valdandi að styrkja fákeppnisstöðu á dagvörumarkaði á Íslandi.

Að lokum áskilja samtökin sér rétt til að koma að frekari athugasemdum á síðari stigum og óska jafnframt eftir því að fá að mæta á fund hæstvirkar efnahags- og viðskiptanefndar til að reifa sjónarmið sín frekar en hér hefur verið gert auk þess að svara hugsanlegum spurningum nefndarmanna.

Virðingarfyllt



Andrés Magnússon, framkvæmdastjóri



Sveitarfélagið
ÁRBORG

Bæjarstjóri

Alþingi
Erindi nr. P 127/1014
komudagur 6.3.2002

Selfossi 1. mars 2002

Tilvísun: 2002020104KB/ks

Alþingi - efnahags- og viðskiptanefnd
Sigrún Brynja Einarsdóttir,
nefndarritari
Þórshamri v/Templarasund
150 REYKJAVÍK


Efni: Varðar umsögn um frumvarp til laga um verslun með áfengi og tóbak.

Á fundi bæjarráðs Árborgar fimmtudaginn 28. febrúar 2002 var erindi frá efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis, dags. 19. febrúar 2002, með ósk um umsögn um frumvarp til laga um verslun með áfengi og tóbak, lagt fram.

Engin umsögn var samþykkt um frumvarpið.

Framangreint tilkynnist yður hér með.

Virðingarfyllt



Karl Björnsson,
bæjarstjóri



Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
bt. Sigrún Brynja Einarsdóttir nefndarritari
Alþingi
150 Reykjavík

Hornafirði, 28. febrúar 2002

Málefni: Ósk um umsögn á frumvarpi til laga.

Á fundi bæjarráðs Hornafjarðar 26. febrúar s.l., var tekin til afgreiðslu ósk efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis um umsögn á frumvarpi til laga um verslun með áfengi og tóbak, mál nr. 135, sbr. bréf nefndarinnar dags. 19. febrúar s.l.. Bæjarráð tók ekki afstöðu til frumvarpsins.

Þessu er hér með komið á framfæri.

Virðingarfyllst,


Ólafía I. Gísladóttir
ritari



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

11.mars 2002

Umsögn SVP – Samtaka verslunar og þjónustu um frumvarp til laga um verslun með áfengi og tóbak, 135.mál, smásöluverslun með áfengi.

1. Inngangur

SVP- Samtök verslunar og þjónustu fagna þessu frumvarpi þar sem efni þess fellur að þeirri margyfirlýstu skoðun samtakanna að smásöluverslun með áfengi eigi að vera eins og verslun með aðrar neysluvörur, þ.e.a.s. í almennum verslunum og ýmsum rekstrarformum. Flutningsmenn frumvarpsins gera glögga grein fyrir því í greinargerð hvernig ÁTVR hefur gengið til móts við neytendur og um leið fjarlægst markmið með rekstri einkasölu ríkisins á áfengi að draga úr neyslu þess með takmörkuðum aðgangi að því. Samt er ÁTVR fjarri því að þjóna neytendum um allt land og getur aldrei náð því þjónustustigi sem samkeppnisrekstur í eigu mismunandi aðila getur veitt neytendum.

Endurteknar skoðanakannanir sýna að vaxandi meirihluti þjóðarinnar vill að bjór og léttvín sé selt í almennum verslunum um land allt. Á öllum Norðurlöndunum nema á Íslandi er bjór þegar seldur í almennri verslun til hagræðis fyrir neytendur, og einkasölukerfið sem til er í sumum landanna sætir sífellt meiri gagnrýni og kröfur aukast um að það verði aflagt. Notkun léttvína og bjórs er sífellt stöðugri liður í útgjaldamynstri heimilanna og má ætla að aukningin sé nær öll hjá þeim mörgu sem nota þessar vörur vandræðalaust sér til lífsfyllingar og ánægju eins og flutningsmenn benda líka réttilega á.

2. Frumvarpið

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um verslun með áfengi og tóbak, nr. 63/1969, með síðari breytingum er ekki langt né flókið. Gengið er út frá óbreyttum ákvæðum varðandi leyfisveitingu sveitarstjórna til reksturs áfengisútsölu.

1.gr.: Þarna er gengið út frá því að annars vegar veiti sveitarstjórnir leyfi til reksturs áfengisútsölu sem ætlað er að vera sérverslun með áfengi, eða að verslanir sem fyrst og fremst selja aðra vöru fái leyfi til reksturs áfengisútsölu samhliða annarri starfsemi sinni. Í síðara tilfellinu nemi hillurými sem nýtt er undir sölu áfengis að hámarki 5% af heildarhillurými viðkomandi verslunar. Verslunum verður ekki veittur aðgangur að innkaupakerfi ÁTVR.

SVP telja í fyrsta lagi að spurning geti verið um það hvort verslun með einstakar vörur eigi að vera leyfis skyld, en leggjast þó ekki gegn þessu ákvæði hér og nú. Fimm prósentu reglan er það eina sem samtökin telja með öllu ástæðulaust ákvæði og reyndar hið furðulegasta. Ljóst má vera að markaðsaðstæður valda því hversu miklu rými verslun ver undir einstaka

vörflokka og ekki verður séð að misræmi verði þarna á milli. Því er vart ástæða til þess að setja í löggjöf þessa 5% reglu sem reyndar er heldur ekki útskýrð í greinargerð þannig að fyrir liggja hvert eigi að vera markmiðið með henni. Eftirlit með þessu verður líka afar erfitt því sífellt eru að eiga sér stað breytingar á hillurými verslana. Þannig eru hillur fjarlægðar þegar ákveðið er að mynda hrauka úr vörunum eða að vara kallar á meira rými en eina hillu. Þetta viðmið er því síbreytilegt og marklítið. SVÞ leggja til að þetta verði fjarlægt úr frumvarpinu sem að öðru leyti, og það skal ítrekað, felur í sér framfaraspor í smásöluverslun sem m.a. getur styrkt verslanir á minni stöðum þar sem undirstöður rekstrar eru veikari en í stærri byggðum.

SVÞ- Samtök verslunar og þjónustu leyfa sér að senda sem viðhengi með þessari umsögn bækling um smásöluverslun með léttvín og bjór sem þau hyggjast gefa út fljótlega.


Virðingarfyllst,



Sigurður Jónsson framkvæmdastjóri



Má bjóða þér eitthvað fleira?



Léttvín og bjór
í verslanir og þjónustustöðvar

SVP

Samtök verslunar og þjónustu
Federation of Trade & Services

Má bjóða þér eitthvað fleira?

Léttvín og bjór í verslanir og þjónustustöðvar

Íslendingar vilja geta keypt léttvín og bjór í matvöruverslunum

Vín fullkomnar góða máltíð. Meirihluti Íslendinga, eða 66,4%, vilja geta keypt léttvín í matvöruverslunum, samkvæmt könnun PricewaterhouseCoopers í nóvember 2001. Sala á léttvíni og bjór yrði til að auka þjónustu við neytendur og væri álíka skref til frjálsræðis í verslun og þegar leyfð var sala á áfengum bjór í ÁTVR 1. mars 1989.

Engin ástæða er til að viðhalda ríkis-einokun í smásölu á léttvíni og bjór

Meginröksemd þeirra sem vilja viðhalda núverandi einkasölu ríkisins á léttvíni og bjór er sú að það hamli misnotkun áfengis. Þessi fullyrðing er röng. Það hefur ekki verið sýnt fram á að einkasala ríkisins á sölu áfengis verndi heilsu almennings eða hvetji til jákvæðara neyslumynsturs. Þetta er heldur ekki yfirlýst markmið með rekstri einka-sölnnar, sem einmitt hefur fjárfest mikið í útsölustöðum undanfarin misseri m.a. til að gera þá vistlegri og meira aðlaðandi fyrir viðskiptavinum. Útsölustöðum hefur einnig verið fjölgað til að auka aðgengi að áfengi.

- ÁTVR leitast við að auka sölu áfengra drykkja með því að staðsetja útsölastaði í verslunarmiðstöðvum og á öðrum stöðum þar sem neytendur fara til innkaupa. Útstillingar og önnur framsetning áfengis er til þess gerð að auka að-

gengi og söluna. ÁTVR hefur aukið léttvínssölu verulega m.a. með markaðsaðgerðum á Netinu.

- Sala áfengis verður ekki takmörkuð með því að ríkiseinkasala eins og ÁTVR ákveði hvar sölustaðir eru staðsettir. ÁTVR selur aðeins hluta þess áfengis sem notað er á Íslandi. Mikill hluti áfengissölnnar er í veitingahúsum og flughöfnum. Auk þess gerir almenningur sitt eigið vín í auknum mæli. Ríkiseinkasalan getur ekki stjórnað áfengisneyslunni, en tilvist hennar eykur hlut gráa markaðarins í neyslunni. Ríkiseinkasölnni, ÁTVR, var komið á eftir að banntímanum lauk sem um leið var viðurkenning á því að ríkið gæti ekki stjórnað neyslu fólks á áfengi.
- Hin raunverulega ástæða fyrir viðhaldi einkasölu ríkisins í smásölu áfengis er fjárhagsleg. Það er tvöfeldni að halda því fram að einkasala í smásölu áfengis vinni gegn misnotkun um leið og reynt er að hámarka söluhagnaðinn með öllum ráðum. Grái markaðurinn sem þrífst í skjóli ríkiseinkasölnnar er skaðlegur fyrir heill og heilbrigði þjóðarinnar.
- Íslensk áfengisstefna hefur tilhneigingu til að verja ríkiseinkasölna í stað þess að



vera virk og upplýsandi varðandi áfengisneyslu og skyld málefni.

- Þó að ÁTVR hafi aukið markaðs-
virkni sína þá er einkasalan ekki
mjög neytendavæn.

Rekstur sem eru laus við frjálsa sam-
keppni er ætíð óskilvirkur og þjónar
neytendum ekki eins og almenn
verslunarfyrirtæki á samkeppnis-
markaði gera. ÁTVR er engin
undantekning og heldur uppi miklu
vöruvali sem ekki er endilega í sam-
ræmi við þarfir markaðsins á
hverjum sölustað heldur meira
sniðnar að því marki að fullnægja
evrópskum kröfum ESB um opinn
markað. Þetta er fyrst og fremst til
að verja einkasölukerfið, en ekki
fyrir neytendur.


- Einokun á sölu áfengis veldur hinu
frjálsa hagkerfi á Íslandi álitshnekki.
Trúverðugleiki Íslands í alþjóðlegu
viðskiptasamstarfi, t.d. við ESB, er
ekki sannfærandi þegar ríkið við-
heldur einokun á þessari vörutegund
og ver einkasölureksturinn.

- Með frjálsri sölu á léttvíni og bjór
væri smásala þessara vara færð til
nú tímahorfs og samræmis við vilja
meirihluta þjóðarinnar. Almennar
verslanir og sérverslanir sem seldu
einhverjar eða allar tegundir áfengis
byðu upp á mun breiðara úrval en nú
er og verslanir myndu sérhæfa sig í
framboði á einstökum tegundum
samkvæmt óskum neytenda. Litlar
sem stórar verslanir, þjónustustöðvar
olíufélaga og verslanir á lands-
byggðinni gætu boðið vinsælustu
tegundir léttvíns og bjórs og bætt
með því þjónustu sína jafnframt því
að styrkja stöðu sína.

Ríkiseinkasala áfengis hindrar já- kvæða þróun áfengisneyslu

Ríkið tryggir einkasölu sína á áfengi
með því að beita þeim yfirvöldum sem
fara með áfengisvarnir og félagsmál til
að verja ríkjandi einkasölufyrirkomulag.
Með því að verja einkasöluna er komið í
veg fyrir hlutlausa umræðu um áfengis-
neyslu og áfengisvenjur landsmanna.
Miklir fjármunir eru bundnir í fast-
eignum og rekstri ÁTVR sem má selja
og færa þannig mikla fjármuni inn í
rekstur mikilvægari og eðlilegri verkefna
á vegum ríkisins.

ÁTVR skapar ríkinu miklar tekjur árlega
m.a. með óhóflega háu gjaldi á léttvín og
bjór sem t.d. skekkja samkeppnisstöðu
Íslands á alþjóðlegum ferðaþjónustu-
markaði og er stöðugt umkvörtunarefni
þeirra útlendu ferðamanna sem koma til
Íslands. Þetta gjalda-kerfi er meginást-
æða fyrir viðhaldi ríkisins á ríkiseinka-
sölnni ÁTVR en er um leið andstæð
opinberri stefnumótun varðandi sam-
keppnisfæra ferðaþjónustu.



Ríkiseinkasala áfengis skekkir sam- keppni lítilla verslana


ÁTVR velur að staðsetja útsölustaði sína
í verslunarmiðstöðvum og þar sem von
er á miklum straumi fólks. Erlendis
hefur þessi aðferð verið kölluð
„blóðsuguaðferðin” því tilgangurinn er
að draga til sín neytendur sem eru í
öðrum erindagjörðum í nágrenni
áfengisverslunarinnar.

Það er jafnframt augljós kostur fyrir
verslanir að vera í nábýli við útsölustaði

ÁTVR. Verslanir sem staðsettar eru utan verslanarkjarna og njóta ekki sambýlis við ÁTVR eru hins vegar verr settar. Þessar verslanir eru oftast litlar og þjóna íbúum í tilteknum íbúðahverfum eða svæðum. Þær væru mun betur settar ef þær hefðu leyfi til að bjóða viðskiptavinum sínum til kaups bjór og léttvín. Mun fleiri „kaupmenn á horninu” myndu lifa af aukna samkeppni ef þær hefðu leyfi til að bjóða viðskiptavinum sínum þessa sjálfsögðu þjónustu.

Neytendur vilja breytingar – smásöluverslunin þekkir ábyrgð sína

Allar kannanir sýna glögglega að riflegur meirihluti fullorðinna Íslendinga vill breytingu á smásölu bjórs og léttvíns þannig að verslanir og þjónustustöðvar fái heimild til að selja þessar vörur með eðlilegum skilyrðum. Bjór er seldur í matvörubúðum og víðar í öllum hinum Norðurlöndunum, en léttvín aðeins í Danmörku. Stórar verslanir myndu bjóða betri þjónustu við sölu á þessum vörum en boðin er af ríkiseinkasölnunni í dag og minni verslanir, ekki síst á litlum markaðssvæðum, myndu styrkjast við að geta selt þessar vörur en jafnframt bjóða viðskiptavinum sínum upp á þjónustu sem þeir hafa ekki í dag.



Alþingi
Erindi nr. Þ 127/1268
komudagur 18.03.2002



VERSLUNARRÁÐ
ÍSLANDS

ICELAND CHAMBER
OF COMMERCE
Stofnað 1917

SAMTÖK
VIÐSKIPTALÍFSINS


Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
b/t Sigrúnar Brynju Einarsdóttur, nefndarritara
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Reykjavík, 14. mars 2002.

Efni: Frv. til l. um br. á l. um versl. m. áf. og tób. nr. 63/1969 (135. mál).

Verslunarráð Íslands þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp. Verslunarráð styður þá hugmynd sem fram kemur í frumvarpinu og miðar að því að auka frelsi manna til verslunar. Ráðið vonar að þessar frelsishugmyndir nái fram að ganga á Alþingi.

Virðingarfyllst,
f.h. Verslunarráðs Íslands,



Sigríður Ásthildur Andersen.

Póstáritun:
Verslunarráð Íslands
Húsi verslunarinnar
Kringlan 7
103 Reykjavík

Sími: 510 7100
Bréfsími: 568 6564
Netfang: mottaka@chamber.is
Website: www.chamber.is